



# *Íslandsmót einstaklinga 2014 með forgjöf*

**Íslandsmót einstaklinga með forgjöf, verður haldið í Keiluhöllinni Egilshöll og Keiluhöllinni Öskjuhlíð dagana 8. – 11. mars.**

**Forkeppni - helgina 8. – 9. mars kl. 10:00 í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og Egilshöll**  
Allir keppendur spila 8 leiki í forkeppninni, 4 leiki hvorn dag, annan daginn í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og hinn daginn í Keiluhöllinni Egilshöll. Efstu 12 karlarnir og efstu 12 konurnar halda áfram í milliriðil. Verð í forkeppni kr. 6.500.-

**Milliriðill - mánudaginn 10. mars kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll**  
Efstu 12 karlarnir og 12 konurnar spila 4 leiki í milliriðli. Efstu 6 karlarnir og efstu 6 konurnar halda áfram í undanúrslit. Verð í milliriðil er kr. 3000.-

**Undanúrslit - þriðjudaginn 11. mars kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll**  
Efstu 6 karlarnir og efstu 6 konurnar spila 5 leiki, allir við alla, einfalda umferð. Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika síðan til úrslita strax að loknum undanúrslitum. Verð í undanúrslit kr. 3.700 kr.-

**Úrslit - þriðjudaginn 11. mars strax að loknum undanúrslitunum**  
Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (1/2 stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall.  
Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

**Olúburður** í mótinu er [WTBA Athens \(40'\) 12](#)

**Sjá nánar** í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót einstaklinga með forgjöf](#).

**Skráning** fer aðeins fram á [netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 6. mars kl. 22:00

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir